# Einar Arnórsson

Bjarni Benediktsson – Einar Arnórsson

# Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

bjarnibenediktsson.is

Einkaskjalasafn nr. 360
Stjórnmálamaðurinn
Askja 2-6, Örk 2

**©Borgarskjalasafn Reykjavíkur**

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

26/2 1940.

Kæri vinur.

Þessar línur eiga að flytja þér mínar innilegustu þakkir fyrir þann mikla sóma, sem þú hefur veitt mér í ágætri þáttöku þinni í útkomu minningarrits á sextugsafmæli mínu. Megi íslenzk lögvísindi njóta þín sem lengst.

Með hjartanlegri kveðju.

Einar Arnórsson.

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

**TRÚNAÐARMÁL.**

Þann 24. febrúar 1940 verður hæstaréttardómari dr. jur. h. c. Einar Arnórsson 60 ára. Einar Arnórsson er einn af helztu fræðimönnum landsins, sem uppi hefur verið á síðari áratugum, og hefur hann ekki verið við eina fjöl felldur í þeim efnum, því að hann hefur jöfnum höndum lagt stund á aðalfræðigrein sína, lögfræði, og á íslenzk fræði, og hefur afkastað miklu og góðu á báðum sviðum.

Af þessu tilefni hefur nokkurum vinum hans og lærisveinum komið saman um að heiðra hann á þessum degi með því að gefa út hátíðarrit, er honum sé helgað, með fræðiritgerðum um lögfræði og íslenzk fræði.

Vér leyfum oss því að gefa yður kost á að láta rita nafn yðar á tabula gratulatoria, sem birt mun verða í riti þessu, og væntum þess, að öllum nemöndum hans og öllum unnöndum lögfræði og íslenzkra fræða hér á landi verði ljúft að þakka honum starf hans á þennan hátt.

Þeir, sem taka vilja þátt í þessu, eru beðnir að rita sig á heillaóskaskrána fyrir 1. des. næstkomandi og um leið að greiða 15 kr. en fyrir það fá menn hátíðarritið, sem mun verða allt að 15—20 arkir að stærð

**Menn geta ritað sig á heillaóskaskrána hjá hrm. Theodor Lindal Hafnarstræti 9., Reykjavík, eða á skrifstofu Háskóla Íslands hjá ritara háskólans, mag. art. Pétri Sigurðssyni.**

**Reykjavík, 18. september 1939.**

**Alexander Jóhannesson,**
prófessor, dr. phil., háskólarektor.
**Gissur Bergsteinsson,**
hæstaréttardómari.
**Guðbrandur Jónsson,**
prófessor.

**Ólafur Lárusson,**
prófessor, forseti lagadeildar.
**Björn Þórðarson,**
dr. jur., lögmaður.
**Theodor B. Líndal,**
hæstaréttarmálaflm.

| Nafn | Staða | Heimili |
|---|---|---|
| | | |

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur